

hendi og án þess að sýslunefndirnar hefðu fyrir sjer hinar fyrirskipuðu kjörgengisskrár, og hafið þjer beiðst fullnaðarúrskurðar míns í þessu máli.

73

5. júní.

Útaf þessu læt jeg ekki hjá líða að gefa yður til vitundar, að jeg staðfesti hjer með ofanefnda ráðstöfun yðar.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um komu laxfróðs manns hingað til landsins frá Danmörku. — Eptir tilhlutun landsstjórnarinnar og samkvæmt ákvörðun alþingis kemur hingað með póstskipinu í næstkomandi júlímánuði fiskifróður maður frá Danmörku, adjunkt Feddersen, til að leiðbeina mönnum í laxveiði og fiskirækt, m. m.

74

10. júní.

Nú með því sýslunefndin í Suðurþingeyjarsýslu, bæði áður, eins og yður, herra amtmaður, er kunnugt (brjef amtsins 6. júlí f. á.) og einnig í brjefi hlutadeigandi sýslumanns frá 18. apríl p. á. hefur farið þess á leit, að fiskifróður maður verði útvegður þangað frá útlöndum til að leiðbeina sýslubúum í lax- og silungsrækt, þá hefi jeg sagt svo fyrir, að adjunkt Feddersen fyrst fari til Akureyrar — með því póstskipið þá eigi kemur við á Húsavík — og snúi sjer til yðar, herra amtmaður, til þess að þjer ráðstaðið ferðum hans, og bið jeg yður þessvegna gjöra það sem nauðsynlegt er í þessu efni, einkum með því að tilkynna sýslunefndinni í Suðurþingeyjarsýslu sem fyrst, að mannsins sje von, og skora á hana, að gjöra hinn nauðsynlega undirbúning til að nota leiðbeiningu hans.

Hvað lengi adjunkt Feddersen þyrfti að vera í Þingeyjarsýslu, er mjer ekki ljóst, en þetta verður að vera komið undir atvikum, en þareð sýslunefndin í Árnessýslu einnig hefur beðið um að fá leiðbeiningu hans, og jeg þar að auki vildi, að hann gæti verið nokkurn tíma í Borgarfjarðarsýslu, óska jeg að hann síðari hluta sumarsins gæti verið hjer á suðurlandi, eða komið hingað svo fjótt sem hann má missast frá Þingeyjarsýslu.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um komu vegfræðings hingað til landsins frá Noregi. — Jeg hefi í dag skrifað sýslumanninum í Norðurmúlasýslu á þessa leið:

75

10. júní.

«Eptir ráðstöfun landsstjórnarinnar er nú kominn hingað vegfróður maður norskur, ingenieur Nils Hovdenak, sem á að vera hjer í sumar til að segja fyrir um vegagjörðir.

Með því þjer, herra sýslumaður, í brjefi til norður- og austuramtsins frá 28. febr. p. á., hafið talið það æskilegt og nauðsynlegt að fá til sýslu yðar vegfræðing þann, er hingað kynni verða sendur, hefi jeg lagt fyrir ingenieur Hovdenak að fara nú með póstskipinu til Seyðisfjarðar, til að leiðbeina við vegagjörðir í Norðurmúlasýslu, og þar sem þjer höfðuð farið fram á að fá 1500 kr. til áframhalds vegagjörðinni á Vestdalsheiði, en þetta fje ekki hefur enn verið veitt, þá vil jeg í því skyni, að not gætu orðið að vegfræðingnum við þessa vegagjörð, veita hinar umbeðnu 1500 kr. af fje því, sem ætlað er til fjallveganna, og skora jeg á yður að annast um framkvæmd þessarar vegagjörðar, og mun jeg útborga hið umrædda fje eptir nákvæmari ósk amtmannsins yfir norður- og austuramtinu.

Jeg skal skora á yður að segja vegfræðingnum fyrir um störf þau, er hann á að framkvæma í sýslu yðar, og að gefa sýslumanninum í Suðurmúlasýslu einnig kost á að fá leiðbeining hans við vegagjörðir í þessari sýslu.

76. Ef vegfræðingurinn óskar þess, bið jeg yður af landssjóðstekjum, er þjer hafið 10. júní. undir hendi, að borga honum upp í laun hans og ferðakostnað allt að 600 kr., og mun jeg, þegar þjer sendið kvittun hans hingað, láta borga fje þetta upp í þær landstekjur af Norðurmúlasýslu, er þjer til takið.

Það verður að vera komið undir atvikum, hvort vegfræðingurinn verður allan tímann í Norðurmúlasýslu, og ef til vill Suðurmúlasýslu, þangað til hann fer hjeðan frá landinu, eða hvort hann fer til Akureyrar með póstskipinu í ágústmánuði, til þess að vera við vegagjörðir annarstaðar í amtinu, en um það, hvort hann muni verða notaður allan tímann í Múlasýslum óska jeg, að þjer gefið amtmanninum vísbendingu».

Um leið og jeg gef yður þetta til vitundar, herra amtmáður, skal jeg þjónustusamléga skora á yður að hlutast til um, að sem bezt not geti orðið að hinum umrædda vegfróða manni í norður- og austuramtinu í sumar, og skal jeg geta þess, að ekki er ætlazt til, að hann starfi neitt í suður- og vesturamtinu og að áformað er, að hann fari hjeðan frá landinu með póstskipinu í septembermánuði.

STYRKUR ÚR LANDSSJÓÐI

samkvæmt fjárlögum fyrir 1884 og 1885.

10. gr. C. 4.

Samþykkt tillagsýslu nefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um að verja þeim 430 kr., sem sýslunni voru úthlutaðar til eflingar búnaði með auglýs. landsh. 1. marz þ. á., til viðgjörðar á Rífsós.

Samkvæmt tillögu amtsráðsins í suðuramtinu var veitt fje það, er nú skal greina:

1. Til búnaðarfjelags suðuramtsins 1200 kr., a
2. — búnaðarfjelags Örafinga til verkfærakaupa 200 — „ -
3. Til launa og annars kostnaðar handa búfræðingi Ólafi Ólafssyni, er á að hafa umsjón yfir flóðgardahleðslu við Safarmýri og ferðast um til að leiðbeina mönnum í jarðabótum, m. m. 1000 — „ -
4. Til að framhalda flóðgardahleðslu við Safarmýri 1133 — 33-

10. gr. C. 5. a.

Til framhalds vegagjörðar á Vestdalsheiði voru veittar 1500 kr. -

16. gr.

Styrkur handa hjeraðslækni dr. med. J. Jónassen til útgáfu lækningabókar handa alþýðu (sbr. Stj.tíð. 1883 B bls. 76) aukinn til að gilda einnig um þær 8—10 arkir, sem bókin verður framyfir hina upprunalegu áætluðu stærð.

EMBÆTTASKIPANIR.

7. maí var landshöfðingjaembættið yfir Íslandi veitt af konungi settum landshöfðingja. amtmanni yfir suðuramtinu og vesturamtinu Bergi Ólafssyni Thorberg, riddara af dannebrogen og dannebrogsmanni.

S. d. var amtmannsembættið yfir norður- og austuramti Íslands veitt af konungi settum amtmanni þar, cand. juris. J. J. Havsteen.

S. d. var embættið sem ritari við landshöfðingjadæmið á Íslandi veitt af konungi settum ritara þar, cand. juris. Jóni Jenssyni.

LEIÐRJETTING.

Í yfirlitinu yfir fjárhag sýsluvegasjóðanna í norður- og austurumdæminu 1882 á bls. 88—89 hjer að framan hefur orðið sú villa, að því er Eyjafjarðarsýslu snertir, að sýsluvegagjaldið þar er talið 1074 kr. 4 a. í staðinn fyrir 1073 kr. 28 a., og þaraffeiðandi eign til næsta árs talin 109 kr. 15 a., en á að vera 108 kr. 39 a. Af sömu ástæðu verður jafnaðarupphæðin eigi 1484 kr. 88 a. heldur aðeins 1484 kr. 12 a.